

**Ed.**

**690. Frumvarp til laga**

**[379. mál]**

um breyting á lögum nr. 35/1978 um lyfjafræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–1986.)

1. gr.

4. tölul. 3. gr. orðast svo:

Hafa unnið a.m.k. 9 mánuði, þar af 6 á námstíma, við framleiðslu lyfja, tilbúning, merkingu og afgreiðslu eða önnur lyfjafræðistörf hér á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Samkvæmt lögum um lyfjafræðinga, nr. 35/1978, er það skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis að lyfjafræðingsefni hafi unnið a.m.k. eitt ár við framleiðslu lyfja, tilbúning, merkingu og afgreiðslu eða önnur lyfjafræðingsstörf hér á landi.

Starfsþjálfun lyfjafræðingsefna fer að stærstum hluta fram í lyfjabúðum landsins. Við ákvörðun á áðurnefndri tímallengd starfsþjálfunar var m.a. höfð í huga sú lyfjaframleiðsla, sem við setningu laganna árið 1978 fór fram í lyfjabúðum og nauðsyn á að lyfjafræðingsefni fengju þjálfun í móttöku símalyfseðla. Þar sem lyfjaframleiðsla hefur að mestu horfið úr langflestum lyfjabúðum á undanförunum árum hefur stjórnarnefnd lyfjafræði lyfsala lagt til við ráðuneytið að það hlutist til um breytingu á 4. tl. 3. gr. laga um lyfjafræðinga, þannig að starfsþjálfun verði stytt úr 12 mánuðum niður í 9 og að starfsþjálfun verði veitt á námstíma eða að háskólanámi loknu.

Með skírskotun til framanritaðs og að höfðu samráði við Apótekarafélag Íslands og Lyfjafræðingafélag Íslands, leggur ráðuneytið til framangreindar breytingar, sem taka mið af því að 6 mánuðir skulu unnir á sjálfum námstímanum en 3 að námi loknu. Mundi þessi breytta skipan gilda um alla þá sem nú eru í námi í lyfjafræði lyfsala og þá sem koma til með að stunda slíkt nám í framtíðinni.